

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um holræsi og holræsagjöld í Ljósavatnshreppi nr. 127/1998.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Kostnaður allur við holræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standa straum af kostnaði við gerð og rekstur þess, ber hverjum húseiganda sem tengist holræsakerfi hreppsins að greiða holræsagjald til hreppsins sem miðast við fasteignamat húss og lóðar 0,15% samkvæmt fasteignamati.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Ljósavatnshrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 3. júlí 2000.

F. h. r.

Sesselja Árnadóttir.

Óskar Páll Óskarsson.

Nr. 488

5. júlí 2000

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Borgarness.

1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð hitaveitunnar.

2. gr.

Fastagjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fastagjaldið reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatarmál bílgeymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnæðis, nema þær séu notaðar sem íbúðar- eða atvinnuhúsnæði.

Fastagjald á mánuði = $F \times 12,80 \text{ kr/m}^2$, ef F er minna en eða jafnt 130 m^2 .

Fastagjald á mánuði = $1.666,05 \text{ kr.} + (F-130) \times 7,70 \text{ kr/m}^2$, ef F er stærra en 130 m^2 .

3. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

- Þeir sem greiða fastagjald samkvæmt 2. gr. greiða 72,80 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.
- Þeir sem ekki greiða fastagjald samkvæmt 2. gr. greiða 96,95 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.
- Gjald vegna vatnsnotkunar íþróttamiðstöðvarinnar í Borgarnesi skal vera 50% af gjaldskrá a-liðar.